

A 1892/kultur

Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

**Þingmannatillaga
um að auka norrænt efni í kennaramenntun****Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar
að hún auki norrænt efni í kennaramenntun.

Bakgrunnur

Norrænn tungumálaskilningur er svið sem þrengt er að og margt má bæta í þeim efnum. Einkum er þörf á aðgerðum meðal barna og ungs fólks til að auka útbreiðslu norrænna tungumála í þeim markhópi. Hagur væri í því að flétta þau inn í menntun kennara en á þann hátt rata þau inn í kennslu sem nemendur njóta í skóla. Á þann hátt má tryggja að börnum og ungu fólki gefist kostur á að kynnast tungumálum Norðurlanda þegar á unga aldri. Þetta skiptir einnig miklu máli um hvort við skiljum hvert annað þegar við ferðumst og njótum menningar hinna Norðurlandanna.

Í því sambandi er námsefni kennara afar mikilvægt því það er þar sem leggja á meiri áherslu á norrænt efni. Færa á norrænt efni inn í stýriskjöl allra landanna fyrir grunn-skóla, framhaldsskóla og kennaramenntun, en á þann hátt verður það fastur þáttur í skyldunámsefni.

Auk þess er ástæða til að setja á fót samnorræna miðstöð fyrir norræn tungumál og nágrannatungumál með áherslu á kennslu og málskilning. Þá væri ráð að koma á sendiherrakerfi á samnorrænni miðstöð sem gerði kennaranemum kleift að dveljast annars staðar á Norðurlöndum og vera sendiherrar norræns efnis. Kennaranemi gæti þá kennt á móðurmáli sínu annars staðar á Norðurlöndum. Um leið mætti þróa og styðja norrænt samstarfsnet kennara kennaranema með ráðstefnum hvort sem þær færu fram á staðnum eða sem vefmálstofur. Þetta myndi veita fólki kost á að skiptast á hugmyndum og miðla reynslu.

Með stofnun samnorrænnar miðstöðvar og áherslu á norrænt efni í stýriskjölunum yrði norrænt efni þáttur í kennslu barna og ungs fólks. Fyrir vikið öðlast þau mun betri þekkingu og skilning á menningu og tungumálum nágrannalandanna.



Norrænu félögin og Norræna ráðherranefndin framleiða norrænt efni fyrir nemendur á Norðurlöndum. Ef tryggt er að kennarar fjalli meira um norrænt efni væri hægt að breiða þetta starf út í auknum mæli. Ráðlegt væri að þróa þetta í samstarfi við menntastofnanir á Norðurlöndum.

Norðurlöndum, 6. september 2021

Anders Adlercreutz (sv)

Anders Eriksson (ÅF)

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)

Arman Teimouri (L)

Bertel Haarder (V)

Edmund Joensen (sb)

Erling Bonnesen (V)

Jaspar Langgaard (sb)

Joakim Strand (sv)

Jouni Ovaska (cent)

Ketil Kjenseth (V)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Linda Modig (C)

Magnus Ek (C)

Mikko Kinnunen (cent)

Rebecka Le Moine (MP)

Simon Holmström (HI)